



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um breytingar á forgangsreglum í leikskóla

Á fundi borgarráðs 5. apríl 2022 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að gerðar verði breytingar á forgangsreglum í leikskóla þannig að einstætt foreldri sem er með fullt forræði yfir barninu fái forgang í þeim tilfellum sem hitt foreldrið, faðir gengst ekki við barninu eða er óþekktur. Ef einstaklingur sem bent er á að sé foreldri/faðir gengst ekki við faðerni getur tekið marga mánuði og jafnvel mörg ár að fá dómsúrskurð um slíkt og enn lengur ef viðkomandi neitar að fara í faðernispróf. Ef fleiri en einn koma til greina sem faðir barns getur tekið óratíma að fá úr því skorið. Ef ekki er um “annað” foreldri að ræða sem deilir ábyrgð s.s. tekur fæðingarorlof vegna þessara ástæðna þarf móðir að fara út á vinnumarkaðinn þremur mánuðum fyrir en ella þ.e. þegar barnið er 9 mánaða. Lagt er til að móðir sem er í þessari stöðu fái forgang með barn sitt á leikskóla.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Umsögn:

Upplýsingar varðandi fæðingarorlof

Um fæðingar- og foreldraorlof gilda lög nr. 144/2020.

Í 1. mgr. 8. gr. laganna er kveðið á um að foreldrar eigi sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í allt að sex mánuði hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar barns eða töku barns í varanlegt fóstur.

Í 1. mgr. 10. gr. laganna segir svo:

☐ Skilyrði fyrir því að foreldri geti nýtt rétt sinn til fæðingarorlofs er að foreldri fari sjálft með forsjá barnsins eða fari sameiginlega með forsjá þess ásamt hinu foreldrinu þann tíma sem foreldri nýtir rétt sinn til fæðingarorlofs.

☐ Þrátt fyrir 1. mgr. getur foreldri sem ekki fer með forsjá barns nýtt rétt sinn til fæðingarorlofs þegar fyrir liggur samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem fæðingarorlof forsjárlausa foreldrisins stendur yfir. Hið sama gildir þegar fyrir liggur samningur milli forsjárlausa foreldrisins og forsjáforeldrisins, sem sýslumaður hefur staðfest, um umgengni



forsjárlausa foreldrisins við barnið þann tíma sem forsjárlausa foreldrið nýtir rétt sinn til fæðingarorlofs eða þegar fyrir liggur niðurstaða lögmæltis stjórnvalds eða dómstóla um umgengni forsjárlausa foreldrisins við barnið þann tíma sem foreldrið nýtir rétt sinn til fæðingarorlofs.

Af framangreindu virtu er það skilyrði fyrir rétti foreldris til fæðingarorlofs að viðkomandi fari með forsjá barns eða að fyrir liggi samþykki þess foreldris sem fer með forsjá barns um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barn á þeim tíma sem fæðingarorlof forsjárlausa foreldrisins stendur yfir eða fyrir liggur umgengnisamningur staðfestur af sýslumanni.

Í 2. mgr. 9. gr. framangreindra laga um fæðingar- og foreldraorlof er fjallað um þau tilvik þegar foreldrið er ekki fært um að uppfylla skyldu til að feðra barn sitt. Í þeim tilvikum skal foreldri sem fætt hefur barnið öðlast rétt til fæðingarorlofs í allt að tólf mánuði.

Í greinargerð með frumvarpi því er varð að núgildandi lögum um fæðingar- og foreldraorlof segir um 2. mgr. 9. gr. laganna:

Í 2. mgr. er kveðið á um að í þeim tilvikum þegar foreldri sem fætt hefur barn er ekki fært um að uppfylla skyldu til að feðra barn sitt á fyrstu 24 mánuðum eftir fæðingu barnsins skuli foreldrið öðlast sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í allt að tólf mánuði. Er í því sambandi við það miðað að foreldri sé ekki fært um að feðra barn sitt á fyrstu 24 mánuðunum eftir fæðingu barnsins, m.a. samkvæmt barnalögum, nr. [76/2003](#), fyrir sýslumanni eða dómara. Líkja má slíkum aðstæðum við aðstæður skv. 1. mgr. þar sem einungis eitt foreldri er til staðar og barninu því ómögulegt að fá notið samvista við föður sinn þar sem ekki er vitað hver hann er. Almennt er litið svo á að sé foreldri sem fætt hefur barn fært um að uppfylla skyldu til að feðra barn sitt skuli foreldrið gera það. Reynist foreldrið ekki fært um að uppfylla þá skyldu er hér komið til móts við þau börn sem í hlut eiga þannig að þau eigi möguleika á að njóta samvista við foreldri í jafn langan tíma og þau börn sem eiga þess kost að fá notið samvista við báða foreldra.

Af framangreindu virtu er ljóst að í tilvikum sem þessum á það foreldri sem fætt hefur barnið, rétt á tólf mánaða fæðingarorlof, enda liggi fyrir að viðkomandi foreldri fari með forsjá barnsins sbr. skilyrði 1. mgr. 10. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof.

Á heimasíðu Vinnumálastofnunar eru veittar upplýsingar um rétt til fæðingarorlofs:

Tímalengd fæðingarorlofs ræðst af því á hvaða ári barn er fætt, frumættleitt eða tekið í varanlegt fóstur.

Tímalengd ársins 2021 er alls 12 mánuðir. Hvort foreldri um sig á rétt á 6 mánuðum og eru 6 vikur framseljanlegar.

Tímalengd ársins 2020 er alls 10 mánuðir. Hvort foreldri um sig á rétt á 4 mánuðum sem eru óframseljanlegir en 2 mánuðir eru sameiginlegir sem annað foreldrið getur tekið í heild eða foreldrar skipt með sér.

Tímalengd ársins 2019 er 9 mánuðir. Hvort foreldri um sig á rétt á 3 mánuðum sem eru óframseljanlegir en 3 mánuðir eru sameiginlegir sem annað foreldrið getur tekið í heild eða foreldrar skipt með sér.



Lenging og framsal á sjálfstæðum rétti til fæðingarorlofs

Einhleyp móðir sem gengist hefur undir tæknifrjóvgun eða einhleypt foreldri sem hefur frumættleitt barn eða tekið í varanlegt fóstur öðlast rétt til fæðingarorlofs í 12 mánuði vegna ársins 2021, 10 mánuði vegna ársins 2020 en í 9 mánuði vegna ársins 2019. Hið sama gildir um eftirlifandi foreldri hafi hitt foreldrið andast á meðgöngu barns og barnið fæðist lifandi.

Gögn sem þurfa að berast: Staðfesting á að foreldri hafi farið eitt í tæknifrjóvgun, ættleitt eða tekið barn í varanlegt fóstur.

Ef annað foreldrið andast áður en barn nær 24 mánaða aldri færast sá réttur sem það hefur ekki nýtt sér yfir til eftirlifandi foreldrisins og verður að þeim réttindum sem eftirlifandi foreldrið hefur áunnið sér. Í tilviki frumættleiðingar eða varanlegs fósturs er miðað við 24 mánuði eftir að barnið kom inn á heimilið.

Ef foreldri er ófært að annast um barn sitt vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss á fyrstu 24 mánuðum eftir fæðingu þess er því heimilt að framselja rétt sinn til fæðingarorlofs sem það hefur ekki nýtt sér til hins foreldrisins. Í tilviki frumættleiðingar eða varanlegs fósturs er miðað við 24 mánuði eftir að barnið kom inn á heimilið. Ástand foreldris skal staðfest með læknisvottorði þess sérfræðilæknis sem annast foreldrið sem og sé ástand þess með þeim hætti að því er ófært að veita samþykki sitt fyrir framsali réttinda.

Gögn sem þurfa að berast: Vottorð sérfræðilæknis og staðfesting á að viðkomandi foreldri vilji framselja rétt sinn.

Ef foreldri er ófært að annast um barn sitt vegna afplánunar refsivistar á fyrstu 24 mánuðum eftir fæðingu þess er því heimilt að framselja rétt sinn til fæðingarorlofs sem það hefur ekki nýtt sér til hins foreldrisins. Í tilviki frumættleiðingar eða varanlegs fósturs er miðað við 24 mánuði eftir að barnið kom inn á heimilið. Fangelsismálayfirvöld skulu staðfesta að foreldrið muni afplána refsivist á fyrrgreindu tímabili.

Gögn sem þurfa að berast: Staðfesting fangelsismálayfirvalda.

Upplýsingar um forgang í leikskóla

Í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu er kveðið á um forgang í eftirfarandi tilfellum:

- I. Barna sem eru orðin 5 ára.
- II. Fatlaðra barna og barna með skilgreind þroskafrávik.
Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja umsókn.
- III. Barna sem búa við erfiðleika í félagsumhverfi.
 - a) Barnaverndarmál. Vottorð frá félagsmálayfirvöldum skal fylgja umsókn.
 - b) Alvarleg veikindi, alvarleg fötlun eða alvarlegir félagslegir erfiðleikar hjá fjölskyldumeðlimum barnsins.
Vottorð frá lækni eða öðrum opinberum aðilum skal fylgja umsókn.
 - c) Börn foreldra undir lögaldri (18 ára).
 - d) Börn einstæðra foreldra með þrjú eða fleiri börn á framfæri enda sé elsta barnið ekki eldra en 9 ára.
 - e) Þríburar.
- Liðir I. , II. og III hér að ofan gilda einnig um sjálfstætt starfandi leikskóla.
- IV. Barna starfsfólks í leikskólum Reykjavíkurborgar.

Með vísan til framangreinds er í reglunum í d lið vísað til þess að börn einstæðra foreldra með þrjú eða fleiri börn á framfæri geti fengið forgang enda sé elsta barnið ekki eldra en 9 ára.



Samantekt

Með vísan til framangreinds eiga foreldrar sem fara einir með forsjá rétt til 12 mánaða fæðingarorlofs vegna barna sem fædd eru 1. janúar 2021 eða síðar.

Í þeim tilvikum þar sem einstætt foreldri sem er með fulla forsjá yfir barni og hitt foreldrið gengst ekki við barni eða er óþekktur, á einstæða foreldrið, með vísan til framangreindra laga, rétt til 12 mánaða fæðingarorlofs vegna barns sem fæðst hefur 2021 eða síðar enda er forsjá barns skilyrði fyrir rétti til fæðingarorlofs.

Í ljósi ofangreinds telur skóla- og frístundasvið ekki þörf á að breyta reglum um forgang að leikskóla.